



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/160

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
nefundasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Telefax: +354-568 9664
www.sit.is

25. október 2006

Efni: Um frumvarp til laga um sameignarfélög, 79. mál.

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 19. þ.m., var óskað umsagnar Sambands Íslenskra tryggingafélaga (SÍT) um ofangreint frumvarp. Af því tilefni skal eftirfarandi atriðum hreyft:

1. Til þessa hefur hér á landi ekki verið í gildi heildarlöggjöf um sameignarfélög, þrátt fyrir það að sameignarfélagsformið hafi löngum haft mikla þýðingu hér á landi, þótt vissulega hafi dregið úr vægi þeirra með tilkomu einkahlutafélaga á síðari árum. Það hefur í senn verið kostur sameignarfélagsformsins og ókostur, að ekki hefur verið við heildstæðar reglur að styðjast um sameignarfélög. Af því hefur leitt, að sameignarfélagsformið er sveigjanlegra en hlutafélaga- og einkahlutafélagsformið, og félagsmönnum í mörgum atriðum í sjálfsvald sett, hvernig þeir haga samskiptum sínum og uppbyggingu félagsins. Ókostirnir hafa á hinn bóginn verið þeir, að réttarstaða sameignarfélagsins sjálfs og félagsmanna þess hefur ekki verið skýr, a.m.k. í þeim tilvikum, að félagsmenn hafi ekki gert skriflegan félagssamning, sem taki á öllum helstu álitaeftum, er upp kunna að koma. Í frumvarpi því, sem hér er til umfjöllunar, er leitast við að viðhalda kostum sameignarfélagsformsins með því t.a.m. að hafa reglur um skipulag og uppbyggingu félagsins og stöðu félagsmanna frávikjanlegar, þótt ýmis önnur ákvæði verði ófrávikjanleg. Af SÍT hálfu er lýst stuðningi við uppbyggingu frumvarpsins og helstu efnisatriði þess.
2. Í VIII. kafla frumvarpsins er fjallað um skráningu sameignarfélaga. Er við það miðað, að sameignarfélag skuli tilkynnt til skráningar í firmaskrá þess sýslumannsembættis, þar sem heimilisfang sameignarfélagsins verður. M.ö.o. að þessu leyti eru ekki lagðar til breytingar á því, sem til þessa hefur gilt um skráningu sameignarfélaga hér á landi. Hlýtur það að koma á óvart, því fyrirfram hefði einmitt mátt ætla, að þetta tilefni yrði notað til að einfalda og skýra stjórnarsýsluna varðandi opinbera skráningu félaga, og að skráning sameignarfélaga yrði færð í heildstæða sameignarfélagaskrá á landsvísu, sem haldin yrði af embætti ríkisskattstjóra á sama hátt og hlutafélagaskrá, einkahlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá og skrá yfir sjálfseignarstofnanir. Er eindregið lagt til, að frumvarpið verði endurskoðað að þessu leyti og því breytt, til að ná fram og öruggari og einfaldari réttarframkvæmd.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA


Sigmar Ármannsson